

GJALDSKRÁ

fyrir hirðingu og eyðingu sorps í Blönduóssbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Blönduóss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki/stofnun á Blönduósi.

3. gr.

Sorphirðugjald:

Íbúðir:

Innheimt á hverja íbúð *innan* Blönduóssbæjar (þéttbýli/dreifbýli): kr. 9.750,- Innheimt á hverja íbúð *utan* lögheimilissveitarfélags: kr. 13.260,-

Sorpeyðingargjald:

Bæjarstjórn Blönduóss innheimtir sorpeyðingargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði Blönduóssbæjar.

Gjaldendum er skipt í flokka samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, miðað við áætlað magn úrgangs frá hverju fyrirtæki og/eða starfsstöðvum þeirra.

Innheimt á fyrirtæki, stofnanir og rekstraraðila skv. gjaldskrá *innan* Blönduóssbæjar:

A-flokkur	5.850 kr.
B-flokkur	17.500 kr.
C-flokkur	70.000 kr.

Innheimt á fyrirtæki, stofnanir og rekstraraðila skv. gjaldskrá *utan* lögheimilissveitarfélags:

A-flokkur	7.950 kr.
B-flokkur	23.870 kr.
C-flokkur	95.500 kr.

4. gr.

Heimilt er að gera samninga um eyðingu sorps við fyrirtæki þar sem mikið magn úrgangs fellur til, viðvarandi eða tímabundið. Þá er heimilt að gera samninga við sveitarfélög um þjónustu, vegna heimila og stofnana í þeim.

5. gr.

Sorpeyðingargjald á fyrirtæki, stofnanir og aðra sem nota urðunar- og söfnunarsvæði Blönduóssbæjar er innheimt samhliða fasteignagjöldum. Gagnvart þeim notendum urðunar- og söfnunarsvæðis sem ekki eru jafnframt greiðendur fasteignagjalda skal sorpeyðingargjald innheimt eftir sömu reglum og gilda um innheimtu fasteignagjalda.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett af bæjarstjórn Blönduóss á grundvelli 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og skal þegar öðlast gildi. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 907/1999 vegna sorphirðu fyrir Blönduóssbæ.

Blönduósi, 16. janúar 2006.

Jóna Fanney Friðriksdóttir bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. mars 2006